



Starfsáætlun leikskólans Hæðarbóls skólaárið 2016-2017

Áherslur í starfi næsta skólaár

Áherslur í skólastarfinu næsta ár verða á svipuðum nótum og árin á undan. Grundvöllur skólastarfsins byggir á endurskoðaðri skólanámskrá frá liðnu ári sem og áherslum sveitarfélagsins í uppeldi og menntun leikskólabarna sveitarfélagsins en þar ber hæst læsisverkefnið sem byggt er á sáttmála sveitarfélagsins og menntamálaráðuneytisins um læsi. Áframhald samstarfs við Rannsóknarstofu í menntunarfærðum ungra barna, RannUng, um mat á námi og vellíðan barna, mun skipa sinn sess í starfinu en það byggir á samstarfssamningi sveitarfélagsins við stofuna. Einnig er stefnt að því að auka vægi forvarnar, tónlistar og útikennslu og þróa heimspekikennslu enn frekar. Þessu til viðbótar verður vináttuverkefnið í samstarfi við Barnaheill og þrjá aðra leikskóla sveitarfélagsins hrint úr vör. Auk þessa verður gerð tilraun til að efla foreldrasamstarf enn frekar og standa betur vörð um börn með þroskafrávik.

Nýbreytniverkefni og leiðir

1. **Læsi.** Haustið 2015 undirrituðu menntamálaráðherra og forsvarsmenn sveitarfélagsins ásamt fulltrúum Heimilis og skóla undir *Þjóðarsáttmála um læsi en þar er kveðið á um að hver leik-og grunnskóli geti brugðist jafnóðum við vísbendingum um lestrarvanda einstakra nemenda.* Kennarar fái þjálfun og stuðning til þess að bregðast við og að allir leik-og grunnskólar setji sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélaga. Að lokum var kveðið á um að virkja foreldrar til að vekja áhuga á lestri og styðja við lestrarnám barna sinna. Á skipulagsdegi í vor kom Bjartey Sigurðardóttir, læsiráðgjafi MMS, með erindi um læsi í leikskólum og brýndi okkur til að styðja enn betur við lestrarundirstöður barnanna og færði okkur verkfæri til þess sem verða fullnýtt á komandi starfsári. Í byrjun september býður leikskólinn foreldrum upp á fræðsluerindi mikilvægi þess að lesa daglega fyrir börnin og í leiðinni verður þeim afhent bæklingur um læsisstefnu leikskólans en í *Hvítbókinni* er kveðið var á um hver leikskóli setji sér læsisstefnu.
2. **RannUng.** Framhaldi verður á samstarfi við RannUng (Rannsóknastofu Ungra barna) um að rannsaka mat á námi barna með ýmsum aðferðum. Meistararnemi í kennslufræðum ungra barna leiðir verkefnið undir handleiðslu sérfræðings á Menntavísindasviði HÍ. M-Ed ritgerð nemans mun fjalla um fagmennsku kennaranna og hvernig þeim tekst til að meta nám barnanna, börnunum til framdráttar. Rannsóknir verður gerð með kennurum Víðisels.
3. **Forvarnir.** Unnið verður að því að koma á legg virku forvarnarteymi innan leikskólans sem hefur það hlutverk að virkja samræmt verklag sem fjölskyldusvið Gardabæjar hefur samþykkt til þess að takast á við vá þegar grunur vaknar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna.
4. **Tónlistarkennsla og barnakór.** Til margra ára hefur tónlist verið í hávegum höfð í leikskólanum en á næsta starfsári ætlum við að gera enn betur og vera með skipulagða tónlistatíma allan veturinn þar sem áherslan verður á að kynna fleiri tónverk en áður. Til viðbótar við tónlistartímana var ákveðið að stofna barnakór við leikskólann með þátttöku tveggja elstu árgangana og verða æfingar 1x í viku.

5. *Útikennsla.* Næsta starfsári verður útikennslunni gert hærra undir höfði en árin á undan þá með því að samþætta hana flestum þáttum uppeldis- og menntastarfsins. Útikennslan gefur börnunum tækifæri til þess að nota öll skilningarvit sín auk þess sem þau fá að upplifa hlutina sjálf og öðlast þannig aukna persónulega reynslu. Þegar námið er fært út fyrir deildina gefur það aukinn möguleika til að samþætta námsgreinar og á þann hátt getur kennslan orðið líflegri og meira uppbyggjandi. Þær athafnir sem eiga sér stað jafnt innan sem utandyra verða í meira samhengi við hverja aðra. Með útikennslu fá börnin aukin tækifæri til þess að kynnast umhverfi sínu. Þau upplifa síbreytilega náttúruna á eigin forsendum, kanna nærumhverfi sitt bæði á skólalóð og í nágrenni skólans og kynnast því samfélagi sem þau eru þátttakendur í. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfærni og vísindi, sköpun og menning. Útikennslan spannar alla þessa þætti.
6. *Vinátta í leikskóla.* Leikskólinn Hæðarból ásamt þremur öðrum leikskólum í Garðabæ hlutu styrk til þess að innleiða vináttuverkefni í leikskólana og hafa gert samstarfssamning við Barnaheill til þess að sjá um fræðslu og þjálfu starfsfólk í notkun efnisins, sem samtökin hafa þýtt og staðfært, og ætlað er leikskólum. Verkefnið hefur fengið nafnið Vinátta og verður formlega hrint úr vör með fræðslu til allra starfsmanna leikskólanna fjögurra á skipulagsdegi 16. september. Í námsefninu eru fjögur gildi sem höfð eru að leiðarljósi en þau eru: umburðalyndi, umhyggja, hugrekki og virðing.
7. *Foreldrasamstarf.* Ákveðið var á fagfundi á vormánuðum að hrinda af stað tilraunaverkefni til þess að auka foreldrasamstarf. Víðisæl hrindir verkefninu úr vör og býður foreldrum að snæða morgunmat með börnunum og eða þiggja morgunkaffi 1x í mánuði næsta vetur.
8. *Sérdeild vegna barna með þroskafrávik.* Ákveðið var á fagfundi leikskólans í júní að stofna sérdeild um sérkennslu barna í I og II greiningaflokki sérkennsluviðmiða í ljósi árangurs annarra nágretta sveitarfélaga á uppbyggingu hennar. Hugmyndina byggir fyrst og fremst á því að tryggja stuðningsbörnum þá þjónustu sem þeim ber þar sem hætta er á og hefur verið til staðar að nýta sérkennara til afleysinga á kostnað sérkennslunnar, skráningar skýrslna, námsgagnagerðar og annarra umsýslu sem fylgir börnum í greiningaflokki I og II.

Tímaás starfsáætlunar										
	<u>Verkbættir</u>	<u>sept</u>	<u>okt</u>	<u>nóv</u>	<u>des</u>	<u>jan</u>	<u>feb</u>	<u>mars</u>	<u>apríl</u>	<u>maí</u>
<u>1</u>	Læsi									
<u>2</u>	RannUng									
<u>3</u>	Forvarnir									
<u>4</u>	Tónlistkennsla g barnakór									
<u>5</u>	Útikennsla									
<u>6</u>	Vinátta í leikskóla									
<u>7</u>	Foreldrasamstarf									
<u>8</u>	Sérdeild									

Garðabær í ágúst 2016

Sigurður Kristjánsson
Leikskólastjóri Hæðarbóls